# Gildi Akraneskaupstaðar

**Jákvæðni**

Við temjum okkur jákvætt viðhorf(-) og tökumst á við dagleg störf á uppbyggilegan hátt með bros á vör.

Við vekjum athygli á því sem vel er gert, erum glaðleg í viðmóti og leggjum mikla áherslu á þjónustulund(-).

**Metnaður**

Við leitum stöðugt framfara og sýnum metnað og dugnað í öllum okkar verkefnum.

Við höfum fagmennsku í fyrirrúmi, [-] temjum okkur skapandi viðhorf og hvetjum til samvinnu.

**Víðsýni**

Við skoðum málin í víðu samhengi, horfum fram á við og sýnum kjark og þor til að fara nýjar leiðir.

Við (-)köllum eftir samræðum um ólík málefni, viðhöfum fordómalausa nálgun og berum virðingu fyrir mismunandi skoðunum.